



Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Pórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 24. nóvember 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur eftirfarandi fram um tilgang sjóðsins:

Stofna skal sérstakan sjóð, fjarskiptasjóð, sem hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar. Sjóðurinn er eign ríkisins. Varsla hans og dagleg umsýsla heyrir undir samgönguráðuneytið.

Í athugasemdum með 1. gr. koma fram nánari skýringar á verkefnum sjóðsins sem eru þessar helstar:

Meginmarkmiðin eru m.a. stóraukin uppbygging GSM-senda á hringveginum, helstu stofnvegum og á fjölförnum ferðamannastöðum, dreifing stafræns sjónvarps um gervihnött, með stórbætta þjónustu fyrir sjófarendur að leiðarljósi og öflug uppbygging á háhraðatengingum á þeim svæðum sem fjarskiptafyrirtækin hafa ekki þjónað út frá markaðslegum forsendum hingað til.

Eins og hér kemur fram þá á að stórbæta sjónvarpsþjónustuna við sjómenn, sem ekki er nú vanhörf á. Til viðbótar er rétt að benda á að bæði síma- og internetþjónusta við sjómenn er mjög kostnaðarsöm og þar sem þeir eru hluti að okkar samfélagi er það krafa Vélstjórafélags Íslands að þeir eigi rétt á þessari þjónustu á sama verði og þeir sem starfa í landi. Í því sambandi bendir félagið á 4. mgr. 1. gr. laga nr. 81 frá 2003 um fjarskipti en þar segir: **Íslenska ríkið skal tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.**

Virðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands

Helgi Laxdal, formaður